



Hafið er opið

á laugardögum kl. 11-15

Hlíðasmára 8 og Spönginni 13
Sími 554 7200 | við erum á [facebook](#)



12. JÚLÍ 2014 • 26. tölublað 5. árgangur

REYKJAVÍK

VÍKUBLAÐ



Nú má aftur stunda götusölu í Austurstræti, eftir skammvinna spælingu borgaryfirvalda. Þessar kempur selja þó óvenjulega vöru á góðviðrisdögum þar í götunni, nefnilega skák, og gengur bara vel. Reykjavíkingar hafa notið þess að dveljast í miðbænum þrátt fyrir misjafnt veður, eins og sjá má á bls. 12 og 14.

Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur ítrekað fjallað um lekamálið á fundum:

Þingmaður sakar lögreglu um að leka málgögnum

Af hverju á ég að draga í efa hæfni hennar sem pólitíkus vegna þess að lögreglan er búin að leka í DV fullt af upplýsingum? Hlutum sem standa í lögregluskýrslu,“ segir Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um stöðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, í ljósi lekamálsins í innanríkisráðuneytinu.

Reykjavík vikublað hefur spurt þingmenn flokksins um hvort Hanna Birna,

sem er innanríkisráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, njóti stuðnings í þingliði flokksins, í því ljósi að lögregla hefur um margra vikna skeið rannsakað hvernig minnisblað úr ráðuneytinu, með persónuupplýsingum um hælisleitandann Tony Omos, og tvær nafngreindar konur, komst í hendur fjölmiðla. Fullyrt hefur verið að aðstoðarmenn ráðherrans hafi réttarstöðu grunaðra auk þess sem leiða

má líkur að því að ráðherrann hafi villt um fyrir Alþingi. Ríkissaksóknari hefur málið nú á sínu borði og ákveður hvort ákæra verður gefin út í málinu, frekari rannsóknar verði óskað eða málið fellt niður.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins segjast ítrekað hafa farið yfir lekamálið á þingflokksfundum og segja almennt að ráðherrann njóti stuðnings.

Sjá ítarlega umfjöllun bls. 10-12.

hús & heilsa
Rannsóknir og ráðgjöf vegna raka og myglu
HVERNIG ER ÁSTANDIÐ Á ÞÍNU HEIMILI EÐA VINNUSTAÐ?

Ástandsskoðun kaup · sala
rakamæling · sýnataka · loftgæðamælingar

www.husogheilsa.is hh@husogheilsa.is 695 0525

Gluggafilmur
Sand & sólarfilma
544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

100% SKEMMTUN
LASER TAG
www.lasertag.is 564 6644

Múr og Flísar ehf.
Öll múrvinna - fagmennska í fyrirrrúmi

flísalagnir
múrverk
húsviðgerðir
steining

flotun
anhydrit-flagnir
perlu-ílögn
sand-ílögn

lögiltur meistari - sími 8972681 - murogflisar.is

Reverie
Vönduð stillanleg REVERIE 7S með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð frá kr. 499.900.-
Kíktu á www.reverie.com

Frábært tilboð
á eldri gerðum af REVERIE 3E stillanlegum rúmunum með MEMORY heilsudýnum. Stærðir 2x90x200 cm
Verð frá kr. 219.945.-

12 mána. vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

● Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
● Hægt er að fá búnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
● Mismunandi nuddstillingar
● Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
● Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
● Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
● Glæsileg fjölnota fjarstýring

Stjórnarskrárnefnd jafni atkvæðisréttinn

Gert er ráð fyrir því að stjórnarskrárnefnd sem nú er að störfum fjalli um jöfnun atkvæðisréttar milli kjördæma. Þetta er meðal þess sem kemur fram í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar, þingmanns Vinstri grænna, en svarið var birt á vef Alþingis um mánaðamótin.

Árni spurði um hvernig væri unnið eftir tilmælum Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE um framkvæmd kosninga hér á landi. Í því var fólgin spurning um hvað liði löggjöf um „dreifingu þingsæta á milli kjördæma til að tryggja samræmi við meginregluna um jafnan kosningarétt“.

Fram kemur í svarinu að forseti Alþingis hafi tekið frumkvæði um endurskoðun kosningalöggjafar. Hún muni „eftir atvikum“ fara yfir málið, en gert sé ráð fyrir að stjórnarskrárnefnd „muni taka þetta atriði til skoðunar“.

Í áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar sem birt var á dögunum, var ekki að sjá að nefndin hefði rætt jöfnun atkvæðisréttar.



Árni Þór Sigurðsson spurðist fyrir jöfnun atkvæðisréttar.

Suðvesturkjördæmi er fjölmennasta kjördæmi landsins en um 63 þúsund manns höfðu þar kosningarétt í síðustu alþingiskosningum. Kjördæmissæti eru 11 og tveir jöfnunarmenn. Um 4.800 kjósendur eru á bak við hvern þingmann.

Til samanburðar voru ríflega 21 þúsund kjósendur í Norðvesturkjördæmi, en þar eru kjördæmissætin sjö og einn jöfnunarmaður, eða rúmlega 2.600 kjósendur á bak við hvern þingmann.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur:

Hækkuðu stjórnarlaunin

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti rétt fyrir kosningar að leggja til fyrir aðalfund að laun fyrir setu í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur yrðu um 72 þúsund krónur á ári. Lagt var til að laun stjórnarformanns yrðu hækkuð um tvöfalda þá upphæð eða 154 þúsund á ári. Þetta var samþykkt á aðalfundinum.

Laun stjórnarmanna í Orkuveitunni voru óbreytt árin 2009, 10 og 11. Þá voru þau 112.500 á mánuði, og laun stjórnarformanns tvöföld. Tvisvar síðan hefur verið lögð til hækkan. Lagt var til að stjórnarlaun fyrir árið 2012 yrðu launin hækkuð í 125 þúsund hjá almennum stjórnarmönnum og svo aftur nú, að þessu sinni í rúmar 131 þúsund krónur.

Laun stjórnarmanna í Orkuveitunni hafa því hækkað um tæp 16,5 prósent á tveimur árum. Í tilviki almennra stjórnarmanna nemur þessi hækkan samtals 220 þúsund krónum á ári og í tilviki stjórnarformanns 440 þúsund krónum á ári, eða sem nemur ríflegum mánaðarlaunum fullvinnandi manneskju með meðaltekjur.

Safnstjóri Borgarsögusafns:

Arfurinn má ekki líða fyrir þéttingu byggðar

Húsaarfur okkar er fremur lítil í samanburði við önnur lönd og því þarf að passa enn betur upp á hann en ella. Hann má ekki líða fyrir þéttingu byggðar. Við þurfum að umgangast söguna okkar og menningu af virðingu. Ég tel að það hafi orðið mikil breyting í þeim efnum á síðustu áratugum, að fólk sjái gildi sögunnar þegar það horfir á borgarmyndina og taka það þá með inn í reikninginn,“ segir Guðbrandur Benediktsson, Safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur í



ítarlegu viðtali hér í blaðinu. Safnið varð til nýlega með sam einingu ýmissa safna í Reykjavík. Eitt af hlutverkum hins nýja safns er að vera borgaryfirvöldum til aðstoðar við skráningu og verndun gamalla húsa í borginni. Sjá bls. 8.



Tugir æðarunga í Vatnsmýri

37 stálpaðir æðarungar voru á miðvikudag fluttir úr Húsdýragarðinum og sleppt í Vatnsmýri. Um mánuður er frá því að ungarnir skriðu úr eggjum.

Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 1957 sem æðarungar hafa verið aldir með það fyrir augum að flytja þá á Tjörnina, segir á vef borgarinnar.

„Þetta verkefni er mikilvægur liður í að bæta ástand varpstofna fugla við Tjörnina og í friðlandinu í Vatnsmýri. Á síðustu árum hefur hallað nokkuð undan fæti hjá nokkrum andastofnum og þeir hafa verið við það að hverfa af Tjörninni. Æðarfuglinn er þar á meðal og var því ákveðið að efla stofninn með ræktun,“ segir á vef borgarinnar.

Ungarnir verða í friðlandinu í Vatnsmýri og fá fóður og skjól í sumar. Á vef borgarinnar er fólk beðið um að sýna aðgát við tjörnina meðan ungarnir eru að laga sig að lífinu þar. Vonast er til þess að ungarnir dafni og hefji á endanum sjálfir varp við tjörnina.

Ekkert formlegt frá Costco

Garðabæ hefur ekkert formlegt Gerindi fengið frá bandaríska verslunarrísanum Costco um að setja niður verslun í bænum. Þetta er staðfest í upplýsingum blaðsins frá skrifstofu Garðabæjar. Þar til svo verður, mun bærinn ekkert aðhafast í málinu.

Í svari við fyrirspurn blaðsins segir að sendinefnd frá Costco hafi fundað með Gunnari Einarssyni bæjarstjóra. Þar segir einnig að Garðabær geri engar athugasemdir við að fyrirtækið opni verslun á Kaupþúnnsvæðinu. Hins vegar hafi á fundinum verið kynntar hugmyndir um að nýta lóð sem ætluð er fyrir veitingahús undir bensínstöð. Það hins vegar kalli á breytingu á skipulagi. Því hafi verið komið á framfæri við sendinefnd Costco að skipulagsferli taki tíma og engu væri hægt að lofa fyrirfram um niðurstöðu þess.

Umhverfis- og skipulagsnefnd



Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ.

Reykjavíkurborgar afgreiddi nýlega erindi um sjálfsafgreiðslustöð við Blikastaðaveg í Reykjavík. Ekki voru gerðar athugasemdir við erindið, sem kom frá Korputorgi ehf. Ekki kom fram í fundargögnum að umsóknin væri frá Costco, samkvæmt heimildum blaðsins.

14 milljónir til flokkanna

Samfylkingin fær tæplega fjórar og hálf milljón króna í framlög frá Reykjavíkurborg á síðari hluta ársins, en sveitarfélög styrkja stjórnmalaflokka sem fá mann kjörin eða a. m. k.5 prósentu fylgi í sveitarstjórnarkosningum, lögum samkvæmt. Í allt fá flokkarnir sem fengu fulltrúa í borgarstjórnarkosningunum í vor tæpar fjórtán milljónir króna á árinu. Samkvæmt upplýsingum frá borginni er framlagið í ár rúmar 25

milljónir alls, en það er óbreytt frá fyrra ári. Á kosningarári skiptist framlagið þannig að rúmunum ellefu milljónum var úthlutað á fyrri hluta árs, en tæpum fjórtán eftir kosningar. Framlagið er ákveðið á fjárhagsáætlun hvers árs.

Sjálfstæðismenn fá tæpar 3,6 milljónir frá Reykjavíkurborg í ár, Björt framtíð tæplega 2,2 milljónir, Framsóknarmenn fá eina og hálf milljón króna, Vinstri græn fá rúmlega 1,1 milljón og Píratar rúm 800 þúsund.



Braeðurnir Pétur Hlíðar og Heiðar Haukssynir voru við makrílveiðar í Snarfarahöfn á dögunum og urðu fengsælir, svo sem myndin ber með sér.



Tafir í Pósthússtræti

Þúist er við því að framkvæmdum B í Pósthússtræti ljúki í ágúst. Gert var ráð fyrir því að þeim lyki í þessum mánuði. Framkvæmdir eru langt komnar, en eftir er að ganga frá yfirborðinu.

ÓTRAUÐUR ÁFRAM
MEÐ OLÍU FRÁ COMMA 25% afsláttur*
*TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

5 LÍTRAR	TransFlow SD 15W-40 3.490 kr.	TransFlow ML 10W-30 3.490 kr.
20 LÍTRAR	TransFlow SD 15W-40 11.900 kr.	TransFlow ML 10W-30 12.900 kr.
205 LÍTRAR	TransFlow SD 15W-40 109.900 kr. með vsk.	

REYKJAVÍK, Bildshöfða 9
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFÖSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngás 13
www.bilanaust.is | Sími: 535 9000

Bilanaust
Gæði, reynsla og gott verð!



LA Z BOY®

Hinn eini sanni!

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman.

LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

LA Z BOY®

La-z-boy - líklega besta sæti í heimi!



EDEN
Á FRÁBÆRU
TILBOÐI
KR. 94.990
FULLT VERÐ: 119.990
LA Z BOY

EDEN Slitsterkt áklæði í nokkrum litum.
Stærð: B:80 D:80 H:102 cm.



ASPEN
FÆST EINNIG
Í NOKKRUM LITUM Í
ÁKLÆÐI Á TILBOÐI
KR. 89.990
LA Z BOY

119.990
FULLT VERÐ: 159.990

ASPEN Gæðaleður nokkrir litir.
Stærð: B:80 D:80 H:102 cm.

YFIR 60
GERÐIR AF
LA Z BOY®
TIL SÝNIS Í PRUFU
HÖLLINNI!



149.990
FULLT VERÐ: 179.990

RIALTO Gæðaleður svart,
hvítt eða vínrautt.
Stærð: B:81 D:98 H:107 cm.



149.990
FULLT VERÐ: 199.990

CLARKSTON
brúnt eða svart gæðaleður.
Stærð: B:97 D:102 H:112 cm.



119.990
FULLT VERÐ: 139.990

EMPIRE Svart gæðaleður.
Stærð: B:80 D:70 H:102 cm.

KOMDU
OG SJÁÐU NÝJA
LA Z BOY®
SÝNINGARRÝMIÐ
OKKAR!



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

LEIÐARI



Ókeypis síðferði

Nýlega var sagt frá því að Facebook hefði gert notendur sína að tilraunadýrum. Fiktað var í fréttastraumi 700 þúsund notenda, þannig að sumir fengu tíðindi sem metin voru neikvæð og hinir jákvæð. Síðan var mælt hvaða áhrif þetta hefði á fólk.

Lítið hefur verið fjallað um þetta hér, og þannig séð lítið í erlendum fjölmiðlum. Um 1,3 milljarðar manna eru á Facebook. Vitum við eitthvað „tilraunir“ þeirra sem stýra samfélagsmiðlinum frá degi til dags?

Nú er það svo að sjálfvirk stýring er fólgin í grunngerð miðilsins. Þannig sjáum við helst það sem Facebook telur okkur hafa áhuga á. Við fáum í fréttastrauminn þær manneskjur sem við eigum í mestum samskiptum við, en aðrir hverfa smátt og smátt.

Enda þótt miðillinn geri okkur kleift að vera í alls konar samskiptum, þá er hann líka hannaður til að einangra okkur.

Sama á við annan afgerandi miðil, Google. Leit á Google þarf ekki að verða til þess að bæta við þekkingu okkar. Þegar sem mestar róstur voru í Egyptalandi, þá var tekið dæmi um tvær manneskjur með ólík áhugasvið sem fengu mjög ólíkar leitarniðurstöður. Sá sem hafði áhuga á ferðalögum gúgglaði Egyptaland og fékk upplýsingar um veitingahús, hótél og pýramída. Sá sem hafði áhuga á heimsmálum og pólitík, fékk byltingu og stríð.

Mikil notkun okkar á þessum miðlum getur haft áhrif á fleiri hluti eins og lýðræði. Þetta eru stór einkafyrirtæki úti í heimi. Það er engin lýðræðisleg stjórn á þessum mikilvægu upplýsingaveitum. Raunar mætti segja þær stjórn okkur.

Er eitthvað sem kemur í veg fyrir að til dæmis Facebook geti haft áhrif á niðurstöður kosninga?

Annar flötur á valdi þessara miðla er fólgin í lítilli frétt sem kom í vikunni. Google vill nefnilega skilgreina hvað sé við hæfi þeirra sem nota leitarvélina og hvað ekki. Þannig þykir eitt plötumslag Sigur Róssar, sem sýnir nakið fólk hlaupa, vera dónalegt og ekki við hæfi. Myndband með sömu ungmennum lenti í ritskoðun Youtube fyrir nokkru.

Í fréttum var þetta sagt vera viðleitni upplýsingarísans til að „fjarlægja sig frá klámi“ og mun auglýsendum hafa verið tilkynnt um að hart yrði tekið á efni þar sem gert væri út á kynlíf.

Eins höfum við ýmis dæmi, til að mynda um ofbeldi og kvenfyrirlitningu, sem Facebook þykir í lagi, á meðan myndir af brjóstagið eru bannaðar af síðferðisástæðum.

Google er lang stærsta upplýsingaveitan í okkar heimshluta og líklega í heiminum öllum. Mikill meirihluti okkar ver miklum tíma á Facebook. Þessir miðlar geta haft og hafa gríðarleg áhrif af upplifun okkar af heiminum, líðan okkar sjálfra og viðhorf.

Við þurfum ekki að borga beinharda peninga til að nota þessa áhrifamiklu miðla. En um leið ættum við kannski að hugsa um hvert gjaldið fyrir þá er í raun og veru.

Ingimar Karl Helgason

Veraldarvinir - tíu þúsund sjálfbóðaliðar

Veraldarvinir eru íslensk félagasamtök sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og njóta ekki styrkja frá íslenska ríkinu. Samtökin voru stofnuð í júní 2001 og hafa frá upphafi haft umhverfismál í öndvegi. Markmið samtakanna er að

stuðla að heilbrigðum lífsháttum og betri umgengni manna við umhverfi sitt. Við nálgumst markmið okkar með alþjóðlegu samstarfi og sjálfbóðaliðastarfi og skipulagningu umhverfis- og menningartengdra verkefna í samvinnu við sveitarfélög, fyrirtæki,

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ 26. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. **Veffang:** fotspor.is. **Ritstjóri:** Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. **Bláðamaður:** Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. **Menningarbláðamaður:** Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. **Matarbláðamaður:** Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenkskurmatur.is. **Umbrot:** Prentsníð, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. **Dreifing:** Póst dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

Ummæli með erindi:

„Þegar við ræðum um að flytja stofnanir út á land verðum við að horfast í augu við að í raun og veru er ekki raunhæft að ræða um að flytja þær stjórn-sýslustofnanir, sem hér eru staðsettar og búnaðar að starfa í mörg ár, út á land. Hins vegar er hægt að stofna útibú í tengslum við þær og efla þau eins og

kostur er. Einnig er hægt að koma fyrir öllum þeim nýju stofnunum, sem settar yrðu á fót, úti á landsbyggðinni.“

- Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, á Alþingi, 1992



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Beturvitinn

„Alltaf eru þeir traustir, blessaðir beturvitarnir, ekki síst þegar þeir eru í hópi virtustu jarðvísindamanna á norðurhveli jarðar og þótt víðar væri leitað.“ sagði á Facebook síðu fréttastofu Ríkisútvarpsins á dögunum. „Ég held hins vegar að lítið yrði í fréttum ef mælistika doktor Páls væri notuð, svona almennt.“ Tilefnið var að Páll Einarsson, prófessor, sagði á eigin facebook síðu að frétt um lítinn jarðskjálfta í Japan væri ekki frétt. Umsjónarmaður Facebook síðu fréttastofunnar hefur kannski ruglast á henni og sinni eigin. Að öðrum kosti hlýtur Rákel Þorbergsdóttir fréttastjóri að verða að skýra fyrir Páli hvers vegna fréttastofan kallar hann „beturvita“ í hæðnistóni á opinberum vettvangi.



Forsetinn

Það þykir skemmtilegt sport um þessar mundir að spá fyrir um væntanlega forsetakandiðata, en það lítur út fyrir að Ólafur Ragnar Grímsson ætli nú að standa við að hætta. Nefnd hafa verið Jón Gnarr, Katrín Jakobsdóttir, Ragna Árnadóttir, Bogi Ágústsson, og Þóra Arnórsdóttir. En líka Árni Sigfússon, Þórhildur Þorleifsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, og meiraðsegja Elliði Vignisson, svo tæpt



sé á nokkrum sem nefnd hafa verið. Hins vegar má rifja upp að þegar ljóst var að Vigdís Finnbogadóttir myndi ekki gefa kost á sér áfram, að líklega hvarflaði ekki að nokkrum manni að Ólafur Ragnar myndi gefa kost á sér til embættisins, hvað þá að hann sæti á Bessastöðum í tvo áratugi.

Frjálslyndisbyltingin

„Þetta er dæmi um það þegar á að reyna að miðstýra einhverju ofan í hörgul, sem er bara ekki hægt að miðstýra. Þarna þarf að hefjast frjálslyndisbylting.“ segir Guðmundur Steingrímsson við DV um mannanafnalögin. Björt framtíð lagði enda til breytingar á mannanafnalögum á síðasta þingi. Regluverkið var reyndar að mestu leyti óbreytt. Þó átti að leggja niður hina alræmdu mannanafnalögn, en flytja verkefni hennar til ráðherra. Það yrði frjálslyndisbylting í lagi.



Hví ekki Hannes?

Annars þykjast gárungar hafa heyrt það úr loftinu að menntamálaráðherra hyggist biðja Hugvísindastofnun Háskóla Íslands um að fá Hannes Hólmstein til að fara fyrir nefnd sem á að finna það út hvort hlýnun loftslags sé af mannavöldum. Hannes hefur allavega ekki legið á líði sínu í þeim efnum frekar en öðrum – en sýnist sitt hverjum um spekina.

ferðabjónustuaðila og frjáls félagasamtök. Veraldarvinir eru brautryðjendur í skipulagningu slíkra verkefna hér á Íslandi og stærstu móttökusamtök sjálfbóðaliða í Evrópu.

Undanfarin ár höfum við tekið á móti 1.500 sjálfbóðaliðum á ári og nú í lok júlí kemur sjálfbóðaliði númer 10.000 til landsins. Sjálfbóðaliðarnir koma frá flestum hornum heimsins og eru á öllum aldri. Framlag þessa fólks er vel þegið og lætur nærri að ein milljón vinnustunda hafi verið unnar til heilla íslenski náttúru og menningu.

Stærsta verkefni samtakanna er hreinsun strandlengju Íslands og höfum við gengið flestar strendur landsins og hirt það rusl sem hægt er að tyna með höndum. Ætlunin er að fjarlægja stærri stykki á komandi árum. Við höfum einnig lagt tugi km af göngustígum og plantað trjám vítt og breytt um landið.

Veraldarvinir hafa einnig hjálpað til við bæjarhátíðir í flestum landshlutum og hafa sjálfbóðaliðarnir haft gaman að slíkum verkefnum.



Höfundur er Þórarinn Ívarsson, framkvæmdastjóri Veraldarvinir - worldwide Friends Iceland

Síðastliðið sumar gaf Fjarðabyggð samtökunum gamla barnaskólann á Eskifirði og er standsetning hússins nýlega hafin.

Nú þegar ferðamenn streyma til landsins sem aldrei fyrr er brún þörf fyrir vaska sveit af sjálfbóðaliðum sem vilja hjálpa okkur að viðhalda náttúru Íslands. Veraldarvinir eru tilbúnir til góðra verka sumar, vetur vor og haust.

Í FRÉTTUM

Samræmdu prófin

Ragnar Árnason, einn umsækjenda um embætti seðlabankastjóra, situr einnig í bankaráði Seðlabankans. Fréttastofa Rúv greindi frá því í vikunni að Ragnar



hefði tekið þátt í að velja fulltrúa bankaráðsins í nefnd sem meta á hæfni umsækjenda. Valin var Ólöf Nordal. Fáheyrt er að menn fái sjálfir að velja sér umsagnaraðila. Þetta fordæmi hlýtur að hafa áhrif á allar yfirferðir prófa á öllum skólastigum landsins, þar sem nemendur fá sjálfir að velja þá sem fara yfir.

Lögregluvald

Annars hefur við bent á að óheppilegt sé að Stefán Eiríksson lögreglustjóri sitji í þessari sömu nefnd. Hann er sjálfur meðal umsækjenda um feitt embætti hjá ríkinu, forstjóra Samgöngustofu. Björn Bjarnason fyrrverandi ráðherra, hefur hins vegar ítrekað skrifað á vef Evrópuvaktarinnar að lögreglu þurfi í hæfnisnefndina, og ekki verður annað lesið úr skrifunum en að það sé vegna meintra lögbrota eins umsækjanda, nefnilega sitjandi seðlabankastjóra.

Áhrifakonur

Frjáls verslun birti í vikunni lista yfir 100 mestu áhrifakonur Íslands. Listinn virðist almennt vera birtur í stafrófsröð. Þetta er áhugavert efni, en ekki síður yrði áhugavert að Frjáls verslun eða aðrir, tækju saman yfirlit yfir áhrifamestu manneskjur landsins, karla sem konur. Það fengist kannski áhuga-verð mynd. Annars má spyrja um trúverðugleika svona lista, þegar birst hafa fréttir um að áhrifakonum hafi verið boðið að kaupa sig inn í ritið, eins og Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri í Vesturbýggð greindi frá, þótt útgefandi hafi nú neitað því og raunar beðist afsökunar.



Á ferð og flugi

Nú hefur verið reiknaður út samfélagslegur ávinningur af hraðlest til Keflavíkur.



Þetta á að verða tenging höfuðborgar við millilandaflut, en samt á flugvöllur áfram að vera í Vatnsmyri. Í fyllingu tímans er þó gert ráð fyrir að hann fari, og borgaryfirvöld nú í slag, vegna þess að búið er að kæra deiluskipulag, sem gerir ráð fyrir því að flugmannvirki þar verði rífin.

GEGGJAÐ TILBOÐ!



Gos* 0,5 L og samloka **398 kr.**

Gos* 0,5 L og langloka **498 kr.**

*Pepsi, Pepsi Max, Kristall Mexican Lime, Mountain Dew og Appelsín



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland



Svavar Halldórsson

Ómótstæðilegur HM hamburgari

Aðra eins rassskellingu og Brasilíumenn fengu í leiknum gegn Þýskalandi á dögnum hafa menn ekki séð á heimsmeistaramóti í knattspyrnu. Án þess að því sé hér haldið fram að þetta sé tölfraðilega einstakt í sögu keppinnar – þá er ekkert viðlíka að finna í lélegu fótboltaþingi matarblaðamanns. Nú er úrslitaleikurinn framundan og spennandi að sjá hvort Þjóðverjar valti yfir Argentínúmenn af svipuðu afli og þeir gerðu við Brassana.

Bjór og borgari

Hvernig sem það verður, er augljóst að leikurinn verður upplifun. Hafnirfingar og nærsveitamenn munu væntanlega koma sér fyrir framan við sjónvarpsskjáina og fylgjast með. Hið sama munu milljónir manna gera um víða veröld. Margir þeirra munu dreypa á bjór og stór hluti fá sér hamburgara. Þá komum við að kjarna málsins. Hvernig borgari fer best með stórleik sem þessum?

Einfaldur og djúsi

HM hamburgarinn þarf að vera einfaldur, safaríkur og bragðgóður. Fyrst og fremst þarf hann að vera úr góðu kjöti. Þótt góður hamburgari, úr úrvalskjöti, grænmeti, osti og brauði sé auðvitað ágætlega hollur og góður matur er ekki til neitt sem heitir megrunarhamburgari. Ástæðan er sú að bragðið liggur í fitunni. Hakkið sem notað er í borgarann verður að vera frekar fituríkt. Þarna erum við að tala um 18% til 20% fituinnihald.

Matarblaðamaður mælir með því að lesendur nýti sér kjötbordin á höfuðborgarsvæðinu og láti sérhækka fyrir sig gott og fitumikið hakk ef það er ekki þegar til. Einnig er víða hægt að fá úrvals hamburgara. Ef fólk hins vegar ákeður að búa sjálf til borgarna er bent á hina ágætu Hamburgarapressu sem mikilvægt hjálpartæki.

Kartöflurnar inn í borgarann

HM borgarinn að þessu sinni er með steiktum kartöfluklöttum. Það þýðir að kartöflurnar eru innifaldar í borgarann sem gera hann einfaldari til átu fyrir framan sjónvarpið. Hér á síðunni er uppskrift að kartöfluklöttunum sem finna má í Íslensku hamburgarabókinni sem undirritaður gaf út í fyrra. Byrjið á því að gera þá. Haldið þeim heitum í ofni við svona 100 gráður.

Gerid svo borgarana. Hér er töfraráð úr bókinni. Gott er að kæla borgarana fyrir eldun. Best er að þeir séu u. þ. b.4 gráðu heitir – s. s. beint úr ísskáp. Þá tolla þeir í fyrsta lagi betur saman en aðalmálið er að þá verða þeir ekki ofeldaðir að innan þegar þeir eru orðnir passlega steiktir að utan.

Töfrabrauð

Veljið annað hvort gróft eða fint brauð. Hér er annað töfraráð. Bræðið dálítið smjör og penslið brauðin – báða hluta – og hitið svo. Þetta gerir gæfumunin! Saxið niður eitthvað af góðu grænmeti til að setja á milli. Steikið svo borgarana. Tímenn fer eftir þykkt þeirra. Svo er líka afskaplega gott að gera vel við sig í osti – nota til dæmis hvítmyglu-osta eins og Camembert. Raðið svo öllu heila á klabbinu saman; neðra brauði, grænmeti, borgara efra brauði. Svo má setja líka sósu ef menn vilja.



Góð kjötbord og sérverslanir er hægt að finna víða á höfuðborgarsvæðinu. Lykillinn að góðum borgara er gæða kjöt með háu fituinnihaldi.



HM borgarinn með kartöfluklöttum er ekkert slor.

Þótt á myndinni sé notuð Heimsins besta hamburgarasósa úr Íslensku hamburgarabókinni, mælir matarblaðamaður með því að nota kalda bearnaisesósu – svona í tilefni af HM. Uppskriftin fylgir með hér á síðunni . . . og í guðs bænum þrifið nú grillið og notið almennileg áhöld. Gleðilegan úrslitaleik!

Steiktir kartöfluklattar

HRÁEFNI:

1,5 kíló kartöflur
150 g. smjör
Handfylli af rósmaríni
350 g. 18% sýrður rjómi
Repuolía
Sjávarsalt

AÐFERÐ:

Sjóðið kartöflurnar. Stappið þær svo – með hýðinu ef kartöflurnar eru nýjar, annars þarf að skræla. Hitið smjör dálítið, þar til það verður lint, en ekki bræða það alveg. Blandið saman kartöflum, sýrðum rjóma, smjöri og smátt söxuðu rósmaríni. Hrærið dálitill olíu saman við og saltið. Mótið í litla klatta í hamburgarastærð og kælið. Grillið eða steikið á pönnu í góðri olíu, áður en pið farið í borgarana sjálfa.



Hamburgarapressan er ómissandi þegar búa á til hinn fullkomna HM borgara.



Hreint grill og góðar græjur skipta máli.

Köld bernaise sósa

HRÁEFNI:

4 eggjarauður
200 g. íslenskt smjör
Örlítið sjávarsalt
Örlítið af svörtum pipar
1-2 stillkar af graslauk eða smávegis af vorlauk
Lúka af fersku fáfnisgras (estragon – líka má notast við þurrkað estragon eða estragon edik)

AÐFERÐ:

Bræðið smjörið og þeytið eggjarauðurnar saman við. Hægt í fyrstu. Blandið smátt söxuðum graslauk og fáfnisgrasi saman við. Smakkið til og bætið út í þetta salti og pipar eftir smekk. Hrærið svo þar til sósan fer að þykkna. Setjið í kæli og berið sósunu fram kalda.

Er húsfélagið í lausu lofti?

Vantar óháðan aðila til að annast málefni húsfélagsins eða rekstrarfélagsins?

» Eignaumsjón er óháður fagaðili þegar kemur að rekstri húsfélaga og rekstrarfélaga – og því frábær lausn fyrir eigendur atvinnuhúsnæðis. Í okkar umsjá ertu í góðum höndum – við sjáum um fjármálin, fundina, undirbúning framkvæmda og viðhalds og annarra þátta sem þarf að leysa.



Sumargræjur.

Kíktu í **Kringluna**. Opið alla daga.



MacBook Pro Retina
kraftur og skerpa
frá **234.990 kr.**



iPad
snilld fyrir alla fjölskylduna
frá **48.990 kr.**



Olloclip "4in1" linsa
fisheye, wide og macro
13.990 kr.



MacBook Air
fisléttur vinnubjarkur
frá **154.990 kr.**



Jawbone UP2
hreyfiskynjari með meiru!
24.990 kr.



Wahoo RFLKT
þráðlaus hjólatölva
16.990 kr.



Wahoo TICKR RUN
þráðl. hreyfiskynjari / púlsmælir
15.990 kr.



iGrill Mini
þráðlaus kjöthitamælir
13.990 kr.



Lifeproof hjólafesting
ver síma fyrir veðri
frá **11.990 kr.**



Wahoo Fitness hraðamælir
fyrir hjólatúrinn
11.990 kr.



Zepp Golf
sveiflugreinir
NÚ **20.792 kr.**



iBaby Monitor
myndavél og hreyfiskynjari
NÚ **23.992 kr.**



JBL Pulse
þráðlaust hljóðkerfi
39.990 kr.



iMac 21"
dásamleg borðtölva
frá **194.990 kr.**



Fitbit Flex
þráðlaus hreyfiskynjari
19.990 kr.

Styrktarsjóður iStore

Af hverju seldu tæki renna 1.000 kr. í styrktarsjóð sem úthlutar langveikum börnum iPad reglulega. Fram til þessa hefur þrjátíu og einum iPad verið úthlutað.

Opið mán. - mið. 10-18.30, fim. 10-21, fös. 10-19, lau. 10-18, sun. 13-18
Sími 566 8000 | www.iStore.is | iStore@iStore.is



iStore
Kringlunni

MENNINGIN

Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur:

Hildur
Björgvinsdóttir

Mikilvægt að hafa tilfinningu fyrir sögunni

„Hugmyndin var að búa til sterkari einingu og blása til sóknar, en stundum hafa litlar einingar átt svolítið í vök að verjast. Við höfum séð það í löndunum í kringum okkur, í Skandinavíu og Bretlandi, að þar hafa menn verið að sameina mörg smærri söfn, minni einingar í eina stærri og yfirleitt hefur það gefið góða raun. Við erum aðeins eftir á hér á landi hvað þetta varðar, en það hefur lengi verið hugur manna hjá yfirvöldum safna að stefna í þessa átt.“ segir Guðbrandur Benediktsson, nýráðinn safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Safnið tók til starfa þann 1. júní síðast liðinn. Undir safnið heyra Árbæjarsafn, Landnámssýningin í Reykjavík 871±2, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafnið í Reykjavík og Viðey. Guðbrandur, sem lokið hefur framahaldsnámi í bæði sagnfræði og safnafræði, er flestum hnútum kunnugur innan hins nýja safns en hann starfaði um árabíl á ljósmyndasafninu og hefur undanfarin tíu ár unnið sem deildarstjóri miðlunar hjá Minjasafni Reykjavíkur.

„Hugmyndin hjá borgaryfirvöldum var sem sagt að búa til sterkari og öflugri heild sem myndi hafa aukinn slagkraft, bæði rekstrarlega og ekki síður faglega. Einnig að fólk fengi tækifæri til að vinna saman í stærri einingu, sérhæfa sig og lyfta þannig fagmennsku upp á hærra stig.“ Guðbrandur segir að vissulega hafi verið unnið fagmannlega á söfnunum fram til þessa en hugmyndin með stærri stofnun sé að menn stilli saman strengi sína, þetta séu allt sögusöfn að stærstum hluta sem vinni að sama markmiði, að varðveita sögu og menningu landsins og gera hana aðgengilega fyrir gesti. Með sameiningunni verði hægt að takast á við stærri verkefni og þannig komast á þar við systursöfn í löndunum í kring og þannig á vissan hátt að máta sig við þau.

Mikilvægt að vera í tengslum við íbúana

Aðspurður segir Guðbrandur nýja starfið leggjast vel í sig á sama tíma og það sé mikil áskorun. Safnið sé vissulega stórt, en það er nú eitt það stærsta á landinu og því muni taka tíma að komast inn í hlutina og markmiðin á hverjum og einum stað og ekki síst flétta þá alla saman, sem var

aðal tilgangurinn með sameiningu þeirra. Breytingarnar snúi fyrst og fremst að faglegum markmiðum þótt vissulega verði til ákveðin samlegð í rekstrinum við sameininguna. „Það er ætlun okkar að söfnun og varðveisla verði enn markvissari og hægt verði að móta skýrari stefnu varðandi miðlun, um það hvaða saga sé sögð, hverjum og hvernig og fá þannig aukna fagmennsku í miðlunina sem muni vonandi skila sér til gesta. Mikilvægt er að söfnin séu í sterkum tengslum við íbúa og þeir geti tengt við það sem þeir upplifa. Þar skipta miðlunarleiðirnar og efnistökin miklu máli.“ Guðbrandur telur að gagnvirkni og þátttaka gesta í sýningum hafi gefist vel og vill einnig sjá meira af leikhúsi innan safnanna, en í Árbæjarsafni hefur verið notast við leikrænar leiðsagnir í því söguviði sem safnið er.

Húsaarfurinn verðmætur

Eitt hlutverka hins nýja safns er að vera borgaryfirvöldum innan handar þegar kemur að skráningu og verndun gamla húsa og segir Guðbrandur mikilvægt að umgangast sögu borgarinnar af mikilli varkárni þegar kemur að þéttingu byggðar. Það sé til að mynda lítið eftir af steinbæjum og torfbæirnir í borgarlandinu séu horfnir, fyrir utan Árbæinn sjálfan. „Húsaarfur okkar er fremur lítill í samanburði við önnur lönd og því þarf að passa enn betur upp á hann en ella, hann má ekki líða fyrir þéttingu byggðar. Við þurfum að umgangast söguna okkar og menningu af virðingu. Ég tel að það hafi orðið mikil breyting í þeim efnum á síðustu áratugum, að fólk sjái gildi sögunnar þegar það horfir á borgarmyndina og taka það þá með inn í reikninginn.“

Fornleifarannsóknir eins og bútasaumsteppi

Enn er margt órannsakað í sögu Reykjavíkur og bendir Guðbrandur á að hún verði aldrei rannsökuð að fullu. Nýjar kynslóðir þurfa að líta fortíðina sínum augum, meta hana og endurmeta út frá sínum gildum og hugmyndum. Auk þess sé alltaf að koma eitthvað nýtt fram í sögu- og fornleifarannsóknum. Enn er margt órannsakað í þessum efnum, frá landnámstíð, síðari hluta miðalda og Innréttingatímanum, svo dæmi séu tekin. Til að mynda hafi ýmislegt komið í ljós um fyrstu byggðina í Reykjavík við rannsóknir á Alþingisreitnum svonefnda, á horni Tjarnargötu, Vonarstrætis og Kirkjustrætis. Hér hafi verið þó nokkur byggð, nánast lítið þorp frá landnámstíð með meiri umsvifum en áður var talið, til dæmis málmvinnslu. „Fornleifarannsóknir í borginni eru e. t. v. eins og bútasaumsteppi. Þær koma gjarnan í ljós við framkvæmdir og þannig bætist smám saman í teppið, eða púsluspilið og stærri heildarmynd fæst.“ Guðbrandur nefnir einnig rannsóknir í tengslum við nýja sýningu á Árbæjarsafni, Neyzla þar sem gestir geta fræðst um neyslumynstur fólks á 20. öld. Við vinnu í tengslum við sýninguna hafi komið í ljós að enn er mikið órannsakað varðandi síðari hluta 20. aldar, ekki síst varðandi neyslu og daglegt líf fólks.

Íslendingar áhugasamir um söguna

Gert er ráð fyrir að gestir hins nýja safns verði vel á annað hundrað þúsund á ári. Á Árbæjarsafni má í grófum dráttum skipta gestum í þrennt; rúmum þriðjungur eru íslenskir gestir, tæpur þriðjungur skólahópar og tæpur þriðjungur erlendir gestir. Aftur á móti séu erlendir gestir um 75% þeirra sem koma á Landnámssýninguna í Aðalstræti. Guðbrandur segir að bæði efni sýninganna og staðsetning skipti miklu máli í þeim efnum. Upplifun á Árbæjarsafni sé óaðskiljanlegur hlutur sagnfræðikennslu í mörgum grunn-skólum þegar fjallað er um gamla bændasamfélagið. Það sitji meira í hugum barnanna og í raun allra en að lesa um efnið í bókum. Áhugi Íslendinga á eigin sögu virðist mikill því aðsókn þeirra á sögusöfn, sýningar og setur um allt land hefur aukist mikið undanfarin ár. „Ég tel að Íslendingar sýni sögunni mikinn áhuga, hún er á vissan hátt auðlind sem við getum sótt í og það skiptir miklu máli að fólk hafi áhuga á sögunni og tilfinningu fyrir henni. Þannig skiljum við jú betur eigin tilveru og umgöngumst minjar okkar af virðingu.“

Harmonikkuhátíð og ljósmyndasýningar

Íslenski safnadagurinn verður haldinn hátíðlegur um allt land á morgun og mun Borgarsögusafnið vera með fjölbreytta dagskrá. Meðal þess sem boðið verður upp á er harmonikkuhátíð á



„Við þurfum að umgangast söguna okkar og menningu af virðingu,“ segir Guðbrandur Benediktsson.



Árbæjarsafni og þar verður einnig sagt frá innra starfi safnsins, söfnun og varðveislu gripa. Ókeypis verður inn á Árbæjarsafn, en einnig á Ljósmyndasafn Reykjavíkur þar sem sjá má sýningarnar „Spegill lífsins“ eftir Ragnars

Axelssonar og #innkaupakerrur eftir Gunnar Marel Hinriksson. Á Sjóminjasafninu verður meðal annars boðið upp á leiðsögn um safnið og varðskipið Óðinn verður opið gestum og gangandi.

Grasagarðurinn á safnadeginum

Jóna Valdís Sveinsdóttir, yfirgarðyrkjufraeðingur í Grasagarðinum, verður með leiðsögn um garðinn á safnadeginum sem haldinn verður á morgun, sunnudaginn 13. júlí. Í Grasagarðinum í Laugardal eru varðveittar um 5.600 plöntur í níu deildum. Leiðsögnin um trjásafn Grasagarðsins hefst klukkan 11, en aðgangur er ókeypis. Athyglinni verður sérstaklega beint að blómstrandi trjám og runnum.



Ekki missa af ...

...nýrri sýningu í Anarkíu. Hulda Vilhjálmssdóttir og Jóhanna V. Þórhallsdóttir eru næstu listamenn sem sýna verk sín í Anarkíu, Hamraborg Kópavogi (norðan megin) Sýning Huldu ber nafnið Trén í kring og Jóhanna nefnir sína Þögli kórinn. Sýningarnar munu standa til 3.ágúst.

...Ragnheiði Gröndal á Piknikk-tónleikum Norrænahússins. Tón-

leikarnir verða haldnir í dag kl.14 og munu fara fram utandyra ef veður leyfir en verða annars fluttir inn í gróðurhúsið. Hægt verður að versla veitingar af Aalto bistro.

...Ljósmyndasamkeppni Ungmennaráðs UN Women. Þema keppinnar er „Konur sem fyrirmyndir“ og má senda inn myndir á youth@unwomen.is til 19.júlí. Glæsilegir vinningar fyrir 1.og 2.sætið. Einnig verða veitt verðlaun fyrir vinningshafa í „læk-keppni“ á facebook-síðu Ungmennaráðs UN Women.



SAMSUNG



Hreinasta afbragð!

Samsung Galaxy Note spjaldtölvurnar eru afbragðs góðar. Þær veita notendum frelsi til athafna. Penninn sem fylgir gerir verkefnið skemmtilegri, einfaldara er að skrifa glósur og opna á nýja möguleika til að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Notkunarmöguleikarnir margfaldast og þær nýtast einstaklega vel við lærdóminn. Galaxy Note eru með Android stýrikerfinu sem er lang vinsælasta og útbreiddasta stýrikerfið fyrir snjalltæki í dag. Þær fást í nokkrum stærðum og gerðum þannig að ávalt má finna tæki sem hentar hverjum og einum fullkomlega.

Svo skilja Galaxy Note spjaldtölvurnar að sjálfsögðu íslensku.

Söluaðilar um land allt



FRÉTTASKÝRING

„Hún er besti ráðherra ríkisstjórnarinnar“

„Ég styð alltaf mína ráðherra,“ segir Brynjar Nielsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í samtali við Reykjavík vikublað, um stöðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra í skugga lekamálsins. Lögregla hefur um margra vikna skeið rannsakað hvernig minnisblað úr ráðuneytinu, með persónuupplýsingum um hælisleitandann Tony Omos, og tvær nafngreindar konur, komst í hendur fjölmiðla. Komið hefur fram að aðstoðarmenn ráðherra hafa stöðu grunaðra. Ríkissaksóknari hefur málið nú á sínu borði og ákveður hvort ákæra verður gefin út í málinu, frekari rannsóknar verði óskað eða málið fellt niður.

„Hún er besti ráðherra ríkisstjórnarinnar,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir þingkona um flokksystur sína. Unnur neitaði að svara til um hvað þyrfti til þess að Hanna Birni gæti ekki lengur reitt sig á hennar stuðning eða enn talist besti ráðherrann.

Hún sagðist ósammála blaðamanni að innanríkisráðherra hefði verið kærð af þremur aðilum, hefði verið til rannsóknar lögreglu og að hún hefði villt um fyrir þinginu með fullyrðingum um að skjalið sé „ekki sambærilegt við nein gögn í ráðuneytinu.“ Pétur Blöndal þingmaður er á sama máli.

„Ég meina, ráðherrar eru kærðir fyrir ýmislegt sem stofnanir hafa gert t.d. umhverfismál og annað slíkt en þeir sátu áfram og þar var ekki gerð nein atлага að þeim,“ segir Pétur. - Það sem þú nefnir eru samt stjórnsýslukætur en þetta er lögreglurannsókn í sakamáli. Á þessu er efnislegur munur. „Já mér finnst bara eðlilegast að bíða eftir að rannsókn ljúki.“ - Þú lítur svo á að hún eigi rétt á að sitja í stóli ráðherra þar til rannsókninni er lokið? „Sko, á meðan rannsókninni er ekki lokið þá get ég ekki dæmt,“ svarar Pétur. „Ég ætla ekki að láta setja mig í eitthvað dómarsæti.“ - Með því að setja ekki fram vantraust þá dæmir þú hana hæfa í ljósi stöðu þinnar sem þingmanns. „Já og ég held að hún sé mjög hæf.“



Daglega í dómarsból

Ítrekað vitnuðu þingmenn til þess að þeir gætu ekki dæmt innanríkisráðherra fyrr en rannsókn væri lokið. „Það er þannig að enginn er sekur fyrr en sekt er sönnuð. Ég styð Hönnu Birnu algjörlega í því sem hún hefur verið að gera. Hún er frábær stjórnmaður,“ svaraði Valgerður Gunnarsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins. Þingmenn virðast þannig í grundvallaratriðum misskilja stöðu sína sem fulltrúar á löggjafarþingi í landi þar sem ráðherra situr í umboði og á ábyrgð Alþingis. Hér á landi er svokallað neikvætt þingræði þar sem þingið samþykkir ekki með beinum hætti ráðherralista en gerir það þó með þögn sinni; með því að leggja ekki fram vantraust þegar ríkisstjórn er mynduð. Við þetta má þó bæta að samstarfssamningur stjórnarflokkanna sem og listi yfir ráðherra er samþykktur í flokksstofnunum stjórnarflokkanna. Þingmenn Framsóknarflokksins samþykkja samstarfið og ráðherra með beinum hætti í miðstjórn flokksins, þar sem þeir eiga sjálfkrafa seturétt. Í tilfelli Sjálfstæðisflokksins, flokks innanríkisráðherra, lýstu þingmenn flokksins stuðningi við hæfni allra ráðherra, þar á meðal innanríkisráðherra, á fundi flokksráðs.

Í neikvæðu þingræði er gengið út frá því að ráðherrar njóti stuðnings nema að fram komi efasemdir þingmanna. Með því að koma ekki fram með vantraust á ráðherra hafa því þingmenn

allra flokka, en sérstaklega samflokksmenn innanríkisráðherra, kosið að umbera setu innanríkisráðherra þrátt fyrir það sem á undan er gengið. Það telst ekki til mannréttinda að vera ráðherra en það er pólitísk skylda þingmanna að meta efnislega út frá lögum, pólitík, trausti þingmanna ásamt almenningssáliti og öðrum forsendum sem þeir telja við hæfi hvort ráðherra geti starfað dag frá degi. Í þingræðisríki er það beinlínis skylda þingmanna að dæma hvort ráðherra er sætt eða ekki. Með sinnuleysi sínu hafa þingmenn því, ómeðvitað miðað við svör þeirra, skapað ráðherrum rými til að vera víkja ekki tímabundið jafnvel þótt pólitískir aðstoðarmenn ráðherra séu til rannsóknar lögreglu vegna brots gegn hælisleitanda sem hafði mál sitt til meðferðar í ráðuneytinu. Í framhaldi vaknar spurningin: hvað þarf að ganga á til þess að ráðherra beri að víkja? Með þaulsetu Hönnu Birnu er skapað nýtt fordæmi og víkið frá því er Magnús Guðmundsson dómsmálaráðherra skapaði þegar hann vék um stundarsakir árið 1932 sökum málaferla gegn honum.

Þekkingaleysi þjakar þingmenn

„Sjálfstæðisflokkurinn er ekki flokkur sem aðhyllist það að dómstóll götunar ráði því hver er saklaus og hver er sekur. Við verðum að fara eftir þeim leikreglum sem við höfum búið okkur til í þessu samfélagi.“ Þetta segir Elín Hirst þingkona Sjálfstæðisflokksins um málið. Þingræði er meðal leikreglna samfélagsins og það felur henni ábyrgð á störfum ráðherra. Um þá ábyrgð segir hún: „Ég tel mig ekki hafa beint umboð til að ræða þetta á þessum nótum. Ég er náttúrulega þingmaður Sjálfstæðisflokksins og hvort það er miðstjórn eða eitthvað sem ákveður þetta. Þetta er held ég ekki eitthvað innan míns valdsviðs sem þingmanns og það eina sem ég get

sagt er að ég treysti Hönnu Birnu.“ Með ummælunum upplýsir Elín Hirst að hún er ekki kunnug skyldum sínum og hlutverki sem fulltrúi á löggjafarþingi. Hún bætir við: „Ráðherrar eiga ekkert minni mannréttindi en annað fólk.“ Um skyldur ráðherra gilda reyndar sérstök lög sem ekki gilda um aðra borgara landsins. Þau lög heita lög um ráðherraábyrgð. Lögin eru sérstök laga-kvöð á þá sem gegna stöðu ráðherra. Þau eru tilraun til sérstaks aðhalds við það vald sem fámennum hópi ráðherra er falið tímabundið.

Staurblind réttsýni stjórnmalanna

Fyrstu viðbrögð Hönnu Birnu voru að neita lekanum úr ráðuneytinu að því er virðist gegn betri vitund. „Þú verður bara að tala við þingflokksformanninn.“ svaraði Vilhjálmur Bjarnason þingmaður sjálfstæðisflokksins um hvort Hanna Birna njóti hans stuðnings. „Ég ræði aldrei um málefni þingflokksins og ráðherra Sjálfstæðisflokksins.“ - Þú ert þingmaður og hún starfar í þínu umboði... „Ekki vera með neina frekju,“ svaraði Vilhjálmur og bætti við að hann svaraði ekki svona dónaskap eftir að spurningin hafði verið endurtekin nokkrum sinnum. Þar sker Vilhjálmur sig nokkuð úr meðal annara þingmanna flokksins en hann ásamt Ragnheiði Ríkharsdóttur þingflokksformanni, lýsti ekki afdráttarlausum stuðningi við setu Hönnu Birnu sem innanríkisráðherra og kaus að svara ekki spurningunni. „Heyrðu ég ætla bara ekkert að svara þessu. Þetta mál er bara í því ferli sem það þarf að vera í,“ sagði Ragnheiður við sams konar spurningu. - Hvert er það ferli? „Þú veist það manna best. Þessu er ekkert lokið og ég ætla ekkert að svara fyrir þetta,“ sagði Ragnheiður.

Það ferli sem þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins vitnar til er að ríkissaksóknari tók við rannsóknargögnum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 20. júní síðastliðinn. Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu hefur farið með rannsókn málsins samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara. Saksóknari hefur ekki tekið ákvörðun um framhald málsins en á vef embættisins kemur fram að málhali embættisins sé mikill og því geti tekið tíma að komast að niðurstöðu. Rétt er að málið er til rannsóknar sem sakamál og þeirri rannsókn er ekki lokið en sakamálarannsókn léttir ekki ábyrgð af herðum þingmanna um að meta hæfni ráðherra til að starfa.

Afvegaleiddi þingið

Dómur hæstaréttar vegna kröfu Lögreglunar um blaðamaður Morgunblaðsins yrði knúinn til að gefa upp heimildamann leiðir í ljós að minnisblað var útbúið í innanríkisráðuneytinu seinnipart þriðjudagsins 19. nóvember 2013, innihélt viðkvæmar upplýsingar um einkamálefni þriggja nafngreindra einstaklinga og barst út úr ráðuneytinu. Þá er upplýst að minnisblaðið var tekið saman af lögfræðingi í ráðuneytinu að beiðni skrifstofustjóra vegna fyrirhugaðra mótmæla við ráðuneytið vegna afgreiðslu þess á máli hælisleitandans. „Rannsókn lögreglunnar hefur leitt í ljós að umrætt minnisblað var vistað á opnu drifi ráðuneytisins. Skrifstofustjóri sendi það með tölvupósti til ráðuneytisstjóra, ráðherra og tveggja aðstoðarmanna ráðherra kl. 17:17 hinn 19. nóvember 2013.“ Þrátt fyrir þetta voru það fyrstu viðbrögð innanríkisráðherra að þvertaka fyrir að skjalið gæti hafa komið úr ráðuneytinu. Í óundirbúnum fyrirspurnatíma þann 16. desember sagði ráðherra að engin staðfesting væri fyrir því að gögn úr innanríkisráðuneytinu hefðu komist í hendur fjölmiðla: „Við höfum einungis munnmæli um það. Þeir sem hafa sent þessi gögn, og það eru ekki einu sinni sambærileg gögn og eru til í ráðuneytinu...“ Dómsskjölin sýna að þessar staðhæfingar ráðherrans



Ert þú að kljást við...


- ...offitu?
- ...verki?
- ...háan blóðþrýsting?
- ...orkuleysi?
- ...depurð eða kvíða?

- Heilsulausnir
- Stoðkerfislausnir
- Hjartalausnir
- Orkulausnir
- Hugarlausnir

Lausnina finnur þú í Heilsuborg

Ert þú óviss með næstu skref?

Pantaðu tíma í Heilsumat og hjúkrunarfræðingur fer yfir stöðuna á þinni heilsu og aðstoðar með næstu skref.



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

atli@thorfanndal.com



Atli Þór Fanndal

stangast á við þá vitneskju sem Hanna Birna hlaut þá þegar að hafa um málið. Hanna Birna endurtók þessa staðhæfingu í sérstakri umræðu um málið á Alþingi 27. janúar þegar hún ítrekaði svo að þær upplýsingar sem komið hefðu fram í fjölmiðlum væru ekki sambærilegar við það sem finna mætti í gögnum ráðuneytisins: „... vegna þess að minnisblaðið sem hefur verið í gangi á ýmsum fjölmiðlum og hér og þar er ekki sambærilegt við nein gögn í ráðuneytinu.“ Ítrekað hefur komið fram í fjölmiðlum að aðeins einni setningu hefur verið breytt frá skjali ráðuneytisins og skjalinu sem lekið var. Það er því varla trúverðugt að ráðherra sem áður hafði ítrekað sagt að hún gerði allt í sínu valdi til að komast til botns í málinu, og vitnaði þar á meðal til rannsóknar rekstrarfélags stjórnarráðsins á tölvukerfi ráðuneytisins, kannaðist ekki við líkindi gagnanna.

Kíkirinn fyrir blinda augað

„Ég upplifi þetta ekki svona,“ svarar Brynjar Níelsson spurningu Reykjavíkur vikublaðs um hvort misvísandi upplýsingar ráðherra breyti hans afstöðu ekkert. „Ég kannast ekki við að hún hafi sagt neitt ósatt. Liggur það eitthvað fyrir um það?“ - Það kemur fram í skjölum Hæstaréttar. „Það er ekki



rétt ekki væri til sambærilegt skjal í ráðuneytinu. Skjalið er bara ekki alveg eins og skjalið í ráðuneytinu,“ segir Brynjar. - Sambærilegt er ekki sama og alveg eins. „Ég man ekki eftir að hún hafi notað orðið sambærilegt,“ svarar Brynjar. Eins og áður segir þá notaði Hanna Birna einmitt orðið „sambærilegt“ á þingi, 27. janúar síðastliðinn, þegar hún afneitaði ábyrgð á málinu í enn eitt sinn. Þess ber að geta að ræður Alþingis eru opnar almenningi og þingmönnum á vefnum í texta, hljóði og myndbandsformi. Þingmenn, kæri þeir sig á annað borð um slíkt, geta því hæglega gengið úr skugga um hvort og

þá hvaða orð ráðherrar notuðu. „Ef hún hefur sagt mér ósatt og brotið reglur, hafi hún gert það sjálf, þá styð ég hana ekki. Það er ekkert sem bendir til þess að hún hafi sagt mér ósatt og ég styð hana fullkomnlega,“ segir Brynjar trúfastur. Ásmundur Friðriksson þingmaður flokksins segir Hönnu Birnu njóta fulls stuðnings. Um villandi ummæli ráðherra til þingsins segir hann eins og aðrir að hann hafi ekkert í höndunum til að meta slíkt. „Eins



og staðan er núna þá nýtur hún bara stuðnings míns eins og hún hefur gert í vetur.“

Vilhjálmur Árnason þingmaður Sjálfstæðisflokksins vill meina að vinnubrögð innanríkisráðuneytisins í lekamálinu séu því sem næst algild í íslenski stjórnslu og því sé ekki ástæða til að vantroysta ráðherra. „Ef þetta væri þá myndi enginn í íslenski stjórnslu njóta stuðnings.“ Hann bætir við: „Hvað eru mörg svona mál sem hafa farið út úr allri stjórnslunni hvort sem það er lögreglan, ráðuneytið eða eitthvað. Afhverju er þetta eina málið sem er lögð svona mikil áhersla á?“ Þingmaðurinn gekk lengra og segir málið aðeins rekið áfram að hagsmunum lögmanna. - Telurðu að þetta sé eitthvað samsæri lögmanna? „Ekkert samsæri en mér finnst þetta bara ótrúlegt hvað blaðamennska er einsleit í þessu. Það er ekki allt hitt skoðað.“ - Hvað annað á að skoða? „Til dæmis hvað varð um hælisleitandann. Hvaða áhrif hafði þetta á hann. Er hann farinn úr landi? Hverjir eru það sem berjast í þessu máli.“ Öllum spurningum þingmannsins hefur þegar verið svarað af fjölmiðlum. Tony Omos var sendur til Sviss án vitneskju lögmanna hans. Þar bjó hann á götunni um tíð en er nú talinn vera á Ítalíu. Lögmáður



Tony Omos heitir Stefán Karl Kristjánsson hjá KRST lögmannastofu en lögmáður Evelyn Glory Joseph, sem einnig er nefnd í minnisblaðinu er Katrín Oddsdóttir hjá Rétti ehf. Þrátt fyrir ábendingar um annað taldi þingmaðurinn sig vel inni í málinu. „Af hverju á ég að draga í efa hæfni hennar vegna þess að lögreglan er búin að leka í DV fullt af upplýsingum. Hlutum sem standa í lögregluskýrslum og svo hafið þið upplýsingar um að hún hafi stöðu sakbornings en einstaklingurinn sjálfur hefur ekki fengið þessar upplýsingar,“ sagði Vilhjálmur. Það skal tekið fram að Reykjavík vikublað hefur engar upplýsingar um hvort ráðherra sjálf hafi stöðu grunaðs einstaklings, heldur að ráðuneyti hennar, hið sama og hún persónugerir sem ráðherra sé til rannsóknar. Þegar hefur komið fram að aðstoðarmenn hennar báðir hafa stöðu grunaðs. Þá hefur Reykjavík vikublað ekki upplýsingar um að aðrir miðlar hafi staðfest réttarstöðu innanríkisráðherra. Stefán Eiríksson lögreglustjóri gaf ekki færi á sér til að svara fullyrðingum þingmannsins um þátt lögreglunar í fréttumfjöllun DV. Við lestur fréttar DV bendir fátt til þess að samskipti blaðsins við lögreglu séu með svo kumpánarlegu móti sem þingmaðurinn lýsir.

Framhald á bls. 12

Er bíllinn tilbúinn fyrir sumarið?

Allar almennar bílaviðgerðir – Gírkassa- og vélaviðgerðir. Yfirförum, gerum við og förum með í skoðun sé þess óskað. Fljót og góð þjónusta.

Metanbreytingar
SPARAÐU BENSÍN! METANVÆDDU BÍLINN!

HRINGDU STRAX OG FÁÐU UPPLÝSINGAR

Við notum tækni frá BIGAS sem er einn virtasti framleiðandi hátækni metanbúnaðar í Evrópu

INTERNATIONAL S.p.A.
bigas
AUTOGAS SYSTEMS

LOSUM SPÍSSA



Getum losað spíssa úr mörgum gerðum bíla án þess að taka heddin af. Getum borað spíssa úr 2.0L Renault, Nissan og Opel ef spíss slitnar.

NÝ OG BETRI ÞJÓNUSTA

Renault - Benz - Citroen - Nissan - Opel - Peugeot - Volvo





Mekka
BIFREIÐAVERKSTÆÐI GARÐABÆJAR

Smiðsbúð 2
210 Garðabæ
Sími 577 6670
mbvg@mbvg.is
www.mbvg.is

Landsvirkjun

Heitasti staðurinn í sumar!



JÓNSSON & LEINACKS • JÚLÍ • SÍÐA

Á ferð um Norðurland er upplagt að heimsækja háhitasvæðið við Kröflu og kynnst brautryðjenda-verkefni í vinnslu jarðvarma. Gestastofan er opin alla daga og það er alltaf heitt á könnunni.

Verið velkomin í heimsókn í sumar!

Krafla: Jarðvarmasýning er opin 10–17 alla daga.

Búrfell: Gagnvirk orkusýning er opin 10–17 alla daga.

Vindmyllur á Hafnu: Starfsfólk tekur á móti gestum alla laugardaga í júlí, frá 13 til 17.

Kárahjúkastífla: Leiðsögn um svæðið miðvikudaga og laugardaga, frá 14 til 17.

www.landsvirkjun.is/heimsoknir

Græna- borg skreytir Skóla- vörðustíg

Börnin á Sólskinsdeild Græna-
borgar fengu það verkefni að
teikna hús í nágrenni leikskól-
ans og völdu þau Hallgrímskirkjuna.
Verkefnið er liður í Torgi í biðstöðu
segir á vef Reykjavíkurborgar. Myndir
25 fimm ára barna hafa verið stækka-
ðar upp og settar á spjöld sem prýða
neðri hluta Skólavörðustígsins. Sýn-
ingin stendur á meðan Skólavörðu-
stígur er sumargata.



Framhald af bls. 11

Meta ekki fyrirleggjandi gögn

„Staða hvers ráð-
herra sem gefur
þinginu vísitandi
rangar upplýsingar
er mjög alvarleg,“
segir Jón Gunnar-
son þingmaður
Sjálfstæðisflokks-
ins. „Ég er ekki í þeirri stöðu að meta
hvort Hanna Birna hafi gert það. Ég
þarf að öðlast meiri umræður á vet-
vangi þingsins áður en ég get mótað
mér afstöðu um það.“ - Þrjár kærur,
lögreglurannsókn og villandi ummæli á



þinginu hvað þarf til þess að þú, og þið
í Sjálfstæðisflokknun, teljið ljóst að hún
njóti ekki trausts sem ráðherra í ykkar
umboði ef ekkert af því sem áður hefur
gengið á nægir? „Nei, sko ég ætla að biðja
þig um að snúa ekki út úr því sem ég
er að segja við þig. Ef það er staðreynd
í þessu máli þá er það alvarlegt fyrir
þann ráðherra. Ég hef ekki forsendur
til að meta það hér og nú.“ - Í ljósi þess
að fyrirleggjandi opinber gögn sýna að
ráðherra gaf þinginu villandi mynd,
geta þínir kjósendur þá treyst á að þú
farir og kynnr þér þetta mál til þess að
geta þá sinnt skyldu þinni og sagt til um
hvort hún njóti áframhaldandi stuðnings

til að starfa sem ráðherra? „Þetta mál
verður rætt á vettvangi þingflokksins
þar sem farið verður yfir það. Ég veit
ekki hvenær það verður en það verður
ekki mjög langur tími. Að þeirri yfirferð
lokinni þá get ég tjáð mig um þetta en
ekki fyrr.“

Óskað var við-
bragða Hönnu Birnu
Kristjánsdóttur og
Bjarna Benedikts-
sonar, fjármálaráð-
herra og formanns
Sjálfstæðisflokksins,
við vinnslu greinar-
innar. Þeim erindum var ekki svarað.





1 SYSTEMS OneQuality

Gæðakerfi - gæðahandbók

einfalt vinnferli við útgáfu
gæðahandbóka og skjala


- » Vefkerfi sem auðveldar allt aðgengi að handbókum og gæðaskjölum, hvort sem er á innri- eða ytri vef fyrirtækja og stofnana.
- » Hentar fyrir allar gerðir handbóka svo sem stjórnunar-, rekstrar-, skipulags-, starfsmanna-, notenda-, gæða-, umhverfis-, neyðar- og öryggishandbóka.
- » Auðveldar gerð og útgáfu gæðaskjala.
- » Getur sent skjöl í rýni til gæðatengla eða annarra til samþykktar eða yfirlesturs.



1 SYSTEMS OnePortal Self-Service

OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænin innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkri máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

1 SYSTEMS OneRecords



OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma. Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



One býður hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

Götuhátíð í Hafnarstræti

Jafningjafræðslan hélt í vikunni götuhátíð í Hafnarstræti. Þetta er árlegur viðburður, en að þessu sinni komu fram hljómsveitirnar Reykjavíkurdætur, Harmónía sjarmónía og Munstur, svo nokkuð sé nefnt. Einnig var haldinn útímarkaður, lifandi bókasafn var opnað, auk þess sem ýmsar veitingar voru í boði. Hafnarstrætinu

var lokað að hluta meðan hátíðin stóð. Menntaskólanemendur stofnuðu Jafningjafræðsluna árið 1996, að danskri fyrirmynd. Hún byggir á hugmyndafræðinni „ungur fræðir ungan“. Hitt húsið rekur Jafningjafræðsluna, en starf hennar felst einkum í því að fræða 10. bekklinga um fíkniefnaforvarnir og efla sjálfsmynd unga fólksins.



Tökum að okkur alla alhliða innivinnu, hellulagnir og sólpallasmíði.



Hafðu samband!



Agnar S:6180233
Gunnar S:6180244

VÍSNASTUND 3. ÞÁTTUR

pest@visir.is



Pétur Stefánsson

en góðverkin sem aldrei voru unnin, er yfirsjónin mesta hér á jörð.

Og áfram yrkir Kristján nýkominn í sumarfrí.

Sælt er að eiga sumarfrí, sumt hér kætir skarið, en ég vil fetta fingur í, fjárans veðurfarið.

Ármann Þorgrímsson yrkir um hversu gott er búa á Íslandi.

Ísland það er auðugt land þó annað sumir hrópi því var bara stýrt í strand af stórum aulahópi.

Fyrripartur:

Úti finnst mér ágætt veður, aðeins regn og nokkuð hlýtt.

Hvet ég lesendur til að senda botna, vísur og fyrriparta í þáttinn.

Sigrún Fjóra Eggertsdóttir botnar fyrripart síðasta þáttar.

Súr er þessi sumartið sífellt rok og væta. Aftur kemur betri blíð boðin sólarglæta.

Guðmundur Arnfinnsson botnar.

Kjörin stressa landsins lýð, lítt mun okrið bæta.

Og Guðmundur yrkir þessa limru.

Peningum prangarar safna, sem þúkar á fjósbitum dafna, en vesæl og snauð verkalýðs gauð skal virða sem refi og hrafna.

Hjálmar Freysteinnsson læknir á Akureyri yrkir

Reiknast engin refsistig né rullu spilar stóra, þótt einhver velji sjálfan sig seðlabankastjóra.

Jón Ingvar Jónsson yrkir hryggur í bragði.

Hryggur nú ég geng um gólf, græt og dömur forðast kys af því manni eftir tólf ekki lengur holdið rís.

Og þessa yrkir Jón Ingvar í góðum gir.

Æ, mig langar inn á Vog, er þess nokkur vegur? Vera gegn og góður og guði þóknanlegur.

Anton Helgi Jónsson rithöfundur og skáld yrkir að loknu landsmóti hestamanna á Gaddstaðflötum.

Á landsmóti gobbedi gobb fékk graddinn mitt uppáhalds djögg; að stæra sig þínu af stóðlífi sínu og stunda svo afkvæmagrobb.

Kristján Runólfsson í Hveragerði yrkir.

Endalaust er æviþráður spunninn, ýmsir lifa þó við kjörin hörð.

NÝTT
MAXAM
ENGINEERED IN EUROPE

DEKK FYRIR VINNUVÉLAR

KLETTUR

Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590 5100 | www.klettur.is

VOPNAFJÖRÐUR

er nær en þú heldur



Vopnafjörður

Við tökum vel á móti þér
www.vopnafjörður.is

BAKSÍÐANHelga Lilja
Bergmann**Besta ráðið**

Ég er að falla á tíma með pistilinn. Þá spyr ég fólk nálægt mér hvað ég ætti að skrifa um því að mér dettur of mikið í hug sjálfri. Kannski er sniðugt að skrifa bara um eitthvað sem öðrum finnst mikilvægt? Nei, það er reyndar ekki sniðugt, best að fólk skrifi bara sjálf um það.

Pabbi sagði alltaf að eina ráðið til að koma einhverju á blað væri bara að setjast niður (við ritvélina, þetta var á þeim árum) og byrja. Ekki hugsa meira, ekki lesa meira, ekki taka fleiri glósur, bara byrja að skrifa eitthvað á blaðið. Ég hef gefið dóttur minni þetta ráð hans þegar hún er orðin svo sein með ritgerð í skólanum að kvíði og hræðsla er að ná tökum á henni.

Þetta ráð virkar líka þegar allt er í drasli og mér fallast hendur yfir óreiðunni, þá er bara að byrja í einhverju litlu horni, alveg sama hvar, hætta að spá í hvar væri skynsamlegast að hefjast handa og bara gera eitthvað. Um leið þá hverfur verkkvíðinn og hræðslan eins og döggr fyrir sólu. Nú mætti halda að ég sé alltaf að skrifa eitthvað og taka til, en nei það er öðru nær, kannski einmitt þess vegna sem mér finnst stundum erfitt að byrja á því. En ég byrjaði á þessum pistli og að endingu þakka ég föður mínum fyrir frábært ráð sem hefur fleytt mér og dótturdóttur hans í gengum allnokkur skrif, þessi meðtalin.

REYKJAVÍK

Alla laugardaga

Auglýsingasíminn er
578 1190Netfang:
auglysingar@fotspor.iswww.fotspor.is


SUOMI PRKL! DESIGN

Margir litir!

marimekko

Suomi PRKL! Design
Laugavegi 27 (bakhús)
www.suomi.is, 519 6688

Alvöru
sérværslun

Gönguferðir, fjallgöngur,
hjólreiðar og önnur útivera
Við erum með réttu græjurnar!



Marmot

SCARPA

Black Diamond

ARCTERYX

Smartwool
